

Bragi Sigurjónsson
Geirland
Kópavogur

06.10.3 PS, Garðabær 19.6.2018

*Minnisblað HHK,
Úttekt á starfsemi Braga Sigurjónssonar að Geirlandi v. Suðurlandsveg.*

Þann 14. júní 2018 lagði Bragi Sigurjónsson inn umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna vinnslu á jarðefnum á svæði í landi Geirlands rétt norðan Suðurlandsvegar. Bragi fékk starfsleyfi 2004 og hefur endurnýjað leyfið síðan á um fjöggra ára fresti. Núgildandi leyfi rennur út í lok mánaðarins.

Starfsemin á skilgreindu vatnsverndarsvæði. Var á skilgreindu fjarsvæði B en eftir að nýtt vatnsverndarskipulag tók gildi 2015 telst það til öryggissvæðis vegna grunnvatns. Samkvæmt 56. grein samþykktar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins (555/2015) þurfa framkvæmdir og starfsemi innan þess svæðis að vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Umsækjanda var bñet á, áður en hann lagði inn umsókn að þar sem starfsemin væri ekki á skipulagi ætti hann að afla samþykktar bæjaryfirvalda. Þegar hann skilaði inn umsókn upplýsti hann að hann hefði rætt við yfirmenn hjá bænum, Birgi skipulagsstjóra, Steingrím sviðsstjóra og Stefán L. yfir framkvæmdasviðinu. Að hans sögn voru þeir hlynntir áframhalandi starsemi og kváðust myndu senda inn umsögn ef umsagnarbeiðni bærisk frá HHK. Þegar umsókn lá fyrir var óskað umsagnar frá Skipulaginu í Kópavogi og óskað flýtimeðferðar (umsÖögn hafði ekki borisk 25.6.2018).

Starfsemin fellur undir X. viðauka í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, kafla 2 um vinnslu jarðefna. Viðaukinn fjallar um starfsemi sem fellur undir starfsleyfis- og eftirlitsskyldu hjá heilbrigðiseftirliti. Í kaflanum er ýmiss konar starfsemi tiltekin. Hluti slíkrar starfsemi er tilgreindur í auglýsingu ráðuneytisins um starfsemi sem ekki þarf ítarlega starfsleyfisgerð. Áformað starfsleyfi fyrir starfsemi sem er á lista í viðauka X en er ekki að finna í umræddri auglýsingu þarf að auglýsa. Starfsemi Braga að Geirlandi fellur helst undir lið 2.1 Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum. Sá flokkur er ekki að finna í auglýsingu ráðuneytis og hefur því heilbrigðisnefnd kosið að auglýsa áformað leyfi allt frá árinu 2004.

Niðurstaða vettvangsferðar 19.6.2018.

Rætt var við Braga Sigurjónsson á vettvangi. Eðli starfseminnar hefur lítið breyst í gegnum árin. Starfsemin fer fram innan manar sem stendur í landi Geirlands, við innkeyrsluna og rétt norðan Suðurlandsvegar. Manirnar eru misháar, hæstar til norðurs er snýr að sumarbústaðabyggðinni sem er í landi Mosfellsbæjar. Til vesturs hefur mönin rýrnað nokkuð frá því sem var en Bragi segisk hafa sótt nokkra mold í þá mön. Mönin til norðurs var hækkuð fyrir nokkru enda var hún farin að síga. Bústaðir fyrri norðan verða að teljast nokkuð varðir.

Bragi fær jarðefni úr Bolaöldu og öðrum námum auk þess sem hann sækir lítilræði í gryfjurnar upp við Sandskeið. Þetta efni sigtar hann í hörpunni sinni og flokkar og blandar síðan saman eftir þörfum viðskiptavina. Mest fer í stígagerð. Grjót og steinar sem hann sigtar úr fer í haug sem hann síðan

lætur í húsgrunna þegar óskað er eftir. Nokkuð stór haugur var á svæðinu en hann sagði að slíkur haugur hyrfi á engum tíma í einhvern grunninn. Þá hirði hann góða mold sem hann grjóthreinsar og selur.

Fleiri en lægri efnishaugar eru á svæðinu en oft áður. Segir hann það tilkomið vegna þessa þ hann hefur fjölgað efnisflokkum sem hann selur og að hann hafi getað unnið upp lager.

Hvergi var olíusmit að sjá. Bílarnir hans taka olíu á bensínstöðvum en „harparinn“ og vélaskóflan þurfa eldsneyti á staðnum. Segist vera með olíukálf sem hann sækir í olíu. Að jafnaði lítið magn í einu eða sem dugar honum (1-300 lítra.) Harparinn þarf olíu ca. 2var í viku. Kálfurinn er geymdur upp við íbúðarhúsið þar sem enginn á leið um.

Fram kom hjá Braga að nú starfa þrír menn hjá honum. Tveir sem aka vörubílum fyrir hann og einn sem er mest á gröfu sem hann gerir út. Sjálfur segist hann annast blöndun jarðefnanna.

Samantekið.

Starfsemi Braga er í þokkalegum gír miðað við að hún fer fram inni á vatnsverndarsvæði utan samþykkt skipulags. Ljóst er að þar ræður metnaður hans mestu um. Hliðstæð starfsemi í höndum annarra aðila gæti verið mikið verri.

Mælt er með því að áformað leyfi verði auglýst.